

	Bls.
Vísnaþáttur Bjarna Halldórssonar	1
Byggðasafn Skagfirðinga 1993	7
Héraðsbókasafn Skagfirðinga 1993	11
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 1993	13
Safnahús Skagfirðinga 1993	17
Náttúrugripasafn Skagafjarðar	18
Úr Héraðsskjalasafni:	
Sýndir fornmennt	21
Hjaltastaðabrautin	25
Frá Sölva Helgasyni	27
Hver er maðurinn?	30

18. árgangur 1994

safna mal



Útgefandi:
SÖGUFÉLAG SKAGFIRÐINGA
fyrir
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA
HÉRAÐSBÓKASAFN SKAGFIRÐINGA
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
NÁTTÚRUGRIPASAFN SKAGAFJARÐAR

Gefið út með styrk úr
MENNINGARSJÓÐI
MAGNÚSAR BJARNASONAR
kennara

Umsjón:
HJALTI PÁLSSON

Ábyrgðarmaður:
BJÖRN BJÖRNSSON

SAUÐÁRKRÓKI
SÁST HF.
MCMXCIV

Vísnapáttur

Bjarna Halldórssonar á Uppsölum

Helga Bjarnadóttir tók saman



Bjarni Halldórsson

Bjarni Halldórsson var fæddur að Auðnum í Sæmund-arhlíð 25. janúar 1898. Móðir hans var Helga Sölvadóttir frá Kleif á Skaga, en faðir hans Halldór Einarsson, síðast bóndi og járnsmiður á Syðstu-Grund í Blönduhlíð. Bjarni var ekki hjónabandsbarn. Helga móðir hans var fátæk vinnukona, sem hafði drenginn með sér í vinnumennskunni á hinum ýmsu stöðum. Þau voru á Sjávarborg í 4 eða 5 ár hjá hjónunum Helgu Guðjónsdóttur og Pálma Péturssyni, síðar kaupmanni á Sauðárkróki. Þau hjón fluttu til Sauðárkróks vorið 1905, er Bjarni var 7 ára, og vildu þá fá hann fyrir fósturson og taka móður hans til sín líka. Þetta góða boð þáði móðir hans ekki og hélt áfram í vinnumennskunni með drenginn sinn. Bjarna leið vel á Sjávarborg og honum sveið það sárt að fá ekki að alast upp hjá þessum góðu hjónum, sem hann ætíð taldi sem sína foreldra. Hann leið alltaf fyrir það að hafa ekki átt neitt heimili í sínum uppvexti.

Pegar Bjarni var 19 ára fór hann í Hvítárbrakkaskólann og var þar í tvo vetur. Námið þar reyndist honum gott veganesti. Þann 20. maí 1920 giftist hann Sigurlaugu Jónasdóttur frá Völlum í Hólmi. Hófu þau búskap á Völlum, en vorið 1925 keyptu þau Uppsali í Blönduhlíð og þar áttu þau heima til æviloka.

Bjarni á Uppsölum var í raun fagurkeri. Hann hafði gaman af söng og hafði hljómfagra bassarödd. Hann unni góðum bókmenntum, þó einkum ljóðum. Honum var létt um að yrkja og eflaust hefur ljóðagyðjan oft leitað eftir tíma hans. Hann hefði sjálfsagt kosið að gefa henni meira af sínum tíma, en annir kölluðu að, eða eins og hann sagði:

Ei get lagað orðasnið
eftir Braga reglum.
Löngum dagar líða við
lífs að haga seglum.

Skáldið gistir sónarsvið,
sér til yztu stranda.
Bragalistin leikur við
ljóðapýrstan anda.

Bjarni var mjög vandvirkur í sinni ljóða- og vísnagerð. Hann flíkaði ekki skáldskap sínum, þó hafa nokkur af ljóðum hans og vísum birt á prenti.

Bjarni hlustar á hófadyn, er gangnamenn ríða í göngur:

Sveinar runnu sveitum frá,
syngja kunnu braginn.
Gneistar brunnu götum á
gangnasunnudaginn.

Eftirfarandi vísur voru sendar í Heiðarbrúann, blað vegavinnu-
manna á Öxnadalshéiði:

Litlar bætur þykja í því
að þakka sendinguna,
nema ef gæti nauðum í
notað hendinguna.

Stikið spretti stuðla heim,
starfi nettur andi.
Aldrei léttum ljóðahreim
lífsins slettur grandí.

Kætum anda, örvum þrá,
óðs með handatökum.
Hnýtum landi ljóða á
listaband úr stökum.

Á sextugsafmæli Stefáns Vagnssonar, 25. maí 1949, sendi Bjarni
eftirfarandi vísur til Stefáns:

Andinn nettur svall í svörum,
sviffrár sprettur gárungans.
Ennþá léttar leika á vörum
ljóðaglettur sextugs manns.

Hækkar gengi gleðimála,
guðafengur léttir brá.
Vaskir drengir við þig skála,
vill nú enginn sitja hjá.

Lyfta hornum, fylla fullin,
flestum ornar Stefáns mál.
Stuðlabornu gömlu gullin
gefa fornri kynning sál.

Bjarni og Gísli Stefánsson í Mikley sendust á nokkrum vísum. (Sjá vísnaþátt Gísla í 11. árgangi Safnamála 1987). Tvær stökur Bjarna úr þeim viðskiptum:

Sætum lags við ljós og yl,
lífgum hagsins brautir.
Látum bragsins léttu spil
lina dagsins þrautir.

Vekjum hlátur, kætum kinn,
kennum grát að víkja.
Verum kátir vinur minn
og vorið látum ríkja.

Vormorgunn í Haganesvík:

Báruhnit um bláa voga,
björgin titra í sjónhverfing.
Sólarglit á sundum loga,
sindra litir allt í kring.

Til konu sinnar, Sigurlaugar Jónasdóttur:

Er að líða á ævikvöld
okkar hérna megin.
Hjartans þakkir, hálfá öld
höfum leiðst um veginn.

Ekillinn:

Lægir öldur, lendir gnoð,
liðin kvöld með henni.
Húms í tjöldum væðarvoð
vermir öldurmenni.

Heima er bezt:

Yls og geisla eru mér
ýmsar leiðir kunnar,
en bjartast, hlýjast alltaf er
við arin fjölskyldunnar.

Silfrið bjart við heimi hlær,
hefur margt að bjóða,
en ekkert skartað auður fær
á við hjartað góða.

Sent ókvæntum vini:

Árin streyma ört þér frá,
æskan dreymin líður,
en víða feimin veigagná
vakir heima og bíður.

Mikil vinátta var á milli Bjarna og Ólínu Jónasdóttur skáldkonu,
og vissulega áttu þau sameiginlegt áhugamál, skáldskapinn. Eftirfarandi vísur sendi hann til Ólínu:

Ber þinn óður bros og þrá,
blæ úr gróðurlundum.
Þó að góðum grönnum hjá
grátir í hljóði stundum.

Vonin bendir vængjum hátt
vors í lendingunni
og þér sendir yl og mátt
ofinn hendingunni.

Hestavísa:

Fjörið blikar augum í,
aldrei hik í spori.
Lundin mikil hrein og hlý,
hlaðin kviku þori.

Að lokum:

Þegar ósi elfar nær
allir frjósa sporar,
norðurljósa leiftri slær
lífs um rósir vorar.

Bjarni á Uppsölum lézt á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki 15. janúar 1987. Hafði hann þá verið ekkjumaður í þrjú fjögur ár, en Sigurlaug á Uppsölum dó 13. október 1982. Þessum þætti lýkur með síðustu vísunni hans:

Elli kerling yggld á brá
eyðir kröftum mínum.
En gott er að una gamall hjá
góðum börnum sínum.

Helga Bjarnadóttir.

Byggðasafn Skagfirðinga

Ársskýrsla 1993

Alltaf er gagn að því að líta yfir farinn veg. Niðurstaðan kemur stundum á óvart. Í minningunni virðist árið 1993 ekkert sérstaklega gott og koma þar til hin rýsjóttu sumarveður hér norðan lands. Þegar betur er að gáð má sjá, að árið kom allvel út og skal nú tífunda helztu viðburði.

Gestakomum fækkaði vegna tíðarfars. Um hálf túsund þúsund gesta komu samt til að skoða safnið. Útlendingar létu veðrið ekki aftra sér, hvernig sem ferðamátinn var, og þarna veitti ég því sérstaka athygli, hve margir ferðast gangandi um landið.

Safnið var opið eins og endranær alla daga frá 1. júní til 31. ágúst og eftir samkomulagi utan opnunartíma. Skólaheimsóknunum fer fjölgaandi. 140 krakkar komu að fræðast um gamla tímanna, lærðu um uppruna ýmissa orða og orðtaka og sáu mismunandi verkfæri. Það er endalaust hægt að læra á safni. Safnverðir í Glaumbæ voru: Ólína Jónsdóttir Hátúni, Edda Jónsdóttir Varmahlíð, Ragna María Ragnarsdóttir Hátúni og Atli Gunnar Arnórsson Glaumbæ.

Starfsemin var með líku sniði og fyrr. Í safnið bættust 170 munir af ýmsu tagi, langflestir búsmunir. Það er margt skemmtilegt sem safnstjóri upplifir í starfinu, en alltaf er lang ánægjulegast að taka á móti munum og finna velvild gefenda. Það er sá beztu stuðningur sem hægt er að sýna að treysta safninu fyrir að geyma muni, sem margir hafa þjónað eigendum sínum um langt árabil og eru þeim því mjög persónulegir. Þökk sé þeim sem gáfu.

Messukaffi var veitt í bænum í júní og þá sýndu nokkrar vinkonur safnsins handbrögð tengd tóvinnu og aftur mættu þær á þjóðminjadaginn.

Sýning á áhöldum tengdum fuglaveiði í Drangey í Pakkhúsinu á Hofsósi var opin alla daga frá 5. júní til 10. september. Í þá sýningu

var bætt líkani af fuglabjargi, sem Kristján Stefánsson frá Gilhaga útbjó til að gefa fólki hugmynd um helztu fugla og egg sem, öldum saman brauðfæddu' Skagfirðinga á vorin. Um 2000 gestir komu í Pakkhúsið. Þar var Valgeir Þorvaldsson safnvörður.

Viðgerðum var haldið áfram á gamla bænum í Glaumbæ. Smiðjuþak var lagað og Suðurdyr (Brandahús), veggur í norðausturenda gangna var rifinn og endurhlaðinn. Þá þurfti að gera við grind, smíða nýja sperrukjálka og nýtt árefti og endurnýja nokkrar stoðir. Við þetta unnu torfhleðslumennirnir S. Helgi Sigurðsson, Jóhannes Arason, Gunnlaugur H. Jónsson, S. Arnar Sæmundsson og Jón Arnar Magnússon og trésmiðirnir Kári Þorsteinsson, Bragi Skúlason og Emil Vilhjálmsson.

Haldið var áfram viðgerðum við Áshúsið og það málað að utan. Þá var lóðin sléttuð og þökulögð og steinstétt sett framan við húsið. Lóðin var girt af og nýtt bílaplan með slitlagi sett sunnan við bæjarhólinn. Hefur aðkoma að safninu batnað til mikilla muna með tilkomu þess. Rafmagn og vatn, bæði heitt og kalt, var lagt í jörðu að Áshúsi og sími tengdur í aðstöðuskúrinn. Safnið hefur nú eignast sinn eigin síma og er símanúmerið 36173.

Í september stóð byggðasafnið fyrir Farskóla safnmanna á Löngumýri ásamt Félagi Íslenzkra safnmanna. Skóli þessi er haldinn árlega. Þar hittist safnfólk af öllu landinu, ber saman bækur sínar og fær góðar ráðleggingar. Auðvitað er aðaltakmarkið með skólahaldinu að bæta í sarpinn og hafa ýmis námskeið verið haldin. Þarna á Löngumýri voru megin þemu, markaðssetning, gæðastjórnun og söfnunarstefna; harður skóli og gagnleg umræða og í hverju héraði er farið í rannsóknarferðir til næstu safna eða annarra athyglisverðra staða. Þannig kynnist safnafólk betur landi sínu og umhverfi og starfsaðstöðu félaga sinna.

Af öðrum þáttum starfseminnar, sem lúta að eftirliti með friðuðum húsum í héraðinu, skal taka fram, að safnstjóri ber enga ábyrgð á þeim aðra en þá, að sjálfsagt þykir að líta eftir þeim og láta eigendur vita, því þessi gömlu hús eru mörg hver hálfgerðir einstæðingar.

Sjávarborgarkirkja var tjörguð og snyrt meðfram veggjum. Það eru alltaf nokkrir sem leggja lykkju á leið sína til að skoða hana.

Gamli bærinn á Ökrum fékk svolitla aðhlyningu og safnstjóri sá um að hirða lóð og þök og lagfæra girðinguna umhverfis bæinn.



Mjólkurilát í Glaumbæjarsafni.

Ljós.: Hjalti Pálsson.

Þangað koma aðallega sérfróðir menn sem vilja sjá með eigin augum leifar af gamla stafverkinu, en í bæjardyrnum á Ökrum og eins á Reynistað er ómetanleg og greinileg vitneskja um gamla byggingarlagið, stafverkið, en hvoru tveggju húsin eru frá sama tíma, miðri 18. öld. Þessi hús tvö, ásamt Grafarkirkju, sem er heillegasta dæmið um stafverksbyggingu og helmingur dæma, sem finna má af þessu tagi á öllu landinu.

Gildað var upp í kirkjugarðsvegg í Gröf á Höfðaströnd. Verkstjóri þar var S. Helgi Sigurðsson. Hofshreppur sá um að hirða garðinn umhverfis kirkjuna.

Nýi bær á Hólum beið eftir frekari viðgerðum, og er bagalegt að þurfa að hafa bæinn lokaðan á þessum fjölsóttu stað. Heimamenn litu til með honum og hirtu lóð og þök. Fjöldi ferðamanna kom í Hóladómkirkju. Sett var nýtt koparþak á hana. Hólanefnd sér um hana með stakri þryði.

Í Víðimýri komu um 7000 manns og sá staðarhaldari, Anna Kristinsdóttir, alfarið um kirkjuna. Það er ánægjulegt að ferðamenn hafa

áhuga á að sjá þessi höfuðdjásn Skagafjarðar, sem kirkjurnar á Hólum og Víðimýri eru, hvor með ólíku sniði, en gersemi yzt sem innst.

Ýmislegt smálegt, sem viðkemur almennri safnastarfsemi, var afrekað á því herrans árið 1993, en ég læt hér staðar numið.

Sigríður Sigurðardóttir.

Styrkir til Byggðasafnsins:

Þjóðhátíðarsjóður	165.000.-
Pokasjóður	200.000.-
Húsafriðunarsjóður	1.000.000.-
Samtals:	1.365.000.-

Gjafir til Byggðasafnsins komu frá:

Afkomendum Jónasar Jónassonar frá Hróarsdal.
Árna Árnasyni frá Kálfsstöðum, Ægisstíg 6, Sauðárkróki.
Börnum Moniku Helgadóttur á Merkigili.
Dánarbúi Lilju A. Jónsdóttur og Sólva Sölvasonar, Sauðárkróki.
Gardari Hansen.
Guðmundi Mórussyni, Úthlíð, Varmahlíð.
Ingibjörgu Jónasdóttur, Völlum.
Ingibjörgu Sigurðardóttur, Varmalandi.
Margrétu Ingvarsdóttur, Mælifellsá.
Moniku Jónasdóttur, Völlum.
Péttri Víglundssyni, Lundi, Varmahlíð.
Rósmundi Ingvarssyni frá Hóli.
Sigríðu Hjálmarsdóttur, Drekaflíð 2, Sauðárkróki.
Sigurði Björnssyni, Reykjavík.
Sigurði H. Þorsteinssyni, Sauðárkróki.
Sólveigu Arnórsdóttur, Dýjabekk.
Sverri Björnssyni, Drekaflíð 2, Sauðárkróki.
Þórunni Jónasdóttur, Völlum.

Héraðsbókasafn Skagfirðinga

Ársskýrsla 1993

Afgreiðslutími safnsins var hinn sami og á fyrra ári, opið frá mánu-
degi til fimmtudags frá kl. 15-19 og á fimmtudagskvöldum frá 20-22. Á
föstudögum er opið frá kl. 14-18.

Á árinu voru 544 nýjar bækur skráðar inn í safnið og bókaeign í
árslok 25.569 bindi. Er þetta nokkru meiri fjölgun bóka en á síðasta
ári, þar sem fjárveiting til bókakaupa var nú aukin.

Skráður fjöldi gesta á árinu var 7.203 þar af voru 1.732 börn. Eru
það heldur færri börn en í fyrra (1.813), en heildartala gesta hefur
hækkað um 569 (6.634).

Fjöldi lánþega var 580 (536). Þar af voru börnin 141 (136). Lán-
þegar blindrabóka voru 10 (13). Eins og sjá má hefur lánþegum
fjölgað um 44 frá síðasta ári.

Útlán urðu sem hér segir:

Barnabækur	4929 (4553)
Flokkabækur	6658 (5866)
Skáldsögur	14415 (13385)

Samtals 26002 (23804)

Útlán blindrabóka voru 125 (103) á árinu og útlán myndbanda 582
(405). Aukning útlána er töluverð og ekkert nema gott um hana að
segja. Eins og í fyrra var 9 ára börnum í héraðinu send fríkort í safnið.
69 börn fengu kort og komu 33 af þeim einu sinni eða oft.

Um það bil 140 bindi voru afskrifuð, aðallega barnabækur (um 100
bindi), sem annað hvort voru glataðar eða ónýtar. Þetta er óvenju há
tala vegna þess, að á árinu var barnabókasafnið grísjáð. Á árinu
skráði Þór Hjaltalín bækur í eigu safnsins sem prentaðar voru að
Hólum, svokallað Hólaprent. Í eigu safnsins eru 15 slíkar bækur, sú



Anna Pálsdóttir afgreiðslumaður í bókasafninu á tali við viðskiptavin, Hrefnu Gunnsteinsdóttur á Ketu á Skaga. Ljós.: Hjalti Pálsson.

elzta frá árinu 1749 og nefnist: Harmonia evangelica það er Guðspjallanna samhljóðan. Bókin er heil í fornu, góðu leðurbandi. Sú yngsta er frá 1782: Píningar historia, sjö predikanir eftir Jón Vídalín og Stein Jónsson. Sjötta upplag.

Eins og áður bárust safninu margar gjafir, sem hér með er þakkað fyrir. Skrá yfir gefendur er hér fyrir aftan. Þegar útlán aukast og gestum fjölga, er ekki hægt að kvarta á bókasafni. Góðar stundir.

Dóra Þorsteinsdóttir.

Skrá um gefendur til Héraðsbókasafnsins 1993:

Alanondeildin á Sauðárkróki.
 Amtsbókasafnið á Akureyri.
 Ebba Kristjánsdóttir, Kvistahlíð 1, Sauðárkróki.
 Fjóra Sveinsdóttir, Bárustíg 4, Sauðárkróki.
 Gunnar Sveinsson, Eskihlíð 1, Sauðárkróki.
 Hjalti Pálsson, Raftahlíð 57, Sauðárkróki.
 María Jónsdóttir, Smáragrund 5, Sauðárkróki.
 Ragnheiður Baldursdóttir, Víðihlíð 17, Sauðárkróki.
 Sigurður Björnsson, Hagaföt 4, Garðabæ.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

Ársskýrsla 1993

Aðsókn að safninu var góð sem fyrr. 746 höfðu skráð nafn sitt í gestabók, en talsvert fleiri litu þar inn ýmissa erinda. Afgreiðslutími var hinn sami og tekinn var upp árið 1990, 21 stund á viku.

Þór Hjaltalín sagnfræðingur byrjaði að vinna á safninu 6. september og var í lausavinnu til ársloka, að jafnaði 3 stundir á dag. Hann sinnti einkum flokkun skjalgagna og frágangi ýmsum, flokkaði t.d. allt skjalasafn Jóns Þ. Björnssonar, sem safnið fékk á árunum 1991 og 1993. Þá gerði hann skrá yfir gamalt Hólaprent í eigu skjalasafnsins. Tinna Dögg Gunnarsdóttir vann einnig á safninu um hálf mánaðar skeið í desember, einkum við ljósritun og band á ljósritum.

Gengið var frá skráningu á 51 númeri í handritasafninu og eru þar nú skráð alls 2.423 handritanúmer. Ekkert var unnið að ljósmyndaskráningu á árinu, þótt mikið bærst af myndum. Skráðar fyrirspurnir, sem svarað var símleiðis eða bréflega voru 99.

Skjalavörður sótti árlegan fund héraðsskjalavarda í Reykjavík 16. apríl, fór einnig að kynna sér skráningarforrit á Þjóðskjalasafni hinn 30. september.

Búnaður safnsins tók miklum framförum. Keypt var ný ljósritunarvél af gerðinni Canon NP 2020, en eldri vél var orðin lítt nothæf. Þá eignaðist safnið nýja og vandaða ritvél með minni, sem er afar nauðsynlegt í sambandi við frágang á umbúðum skjala. Keyptir voru tveir hjólaskápar í skjalageymslu til viðbótar þeim er fyrir voru og skapaðist þá hillurými, sem duga mun næstu ár.

Eva Snæbjarnardóttir og synir hennar, Óli Björn Kárason og Guðjón Andri Kárason, gáfu safninu vandaðan ljósmyndastækkara til minningar um eiginmann og föður, Kára Jónsson stöðvarstjóra Pósts og síma, en hann var formaður safnstjórnar í tvo áratugi. Þessi gjöf

kom sér afar vel, því nýlega hafði þá þurft að skila ljósmyndastækkara, sem safnið hafði verið með í láni um nokkurra ára skeið.

Kristján Runólfsson, Raftahlíð 37 á Sauðárkróki, hlut styrk úr Fræðasjóði Skagfirðinga, 50.000 krónur, til viðurkenningar á söfnunarstarfi hans.

Einn maður dvaldi um vikutíma í fræðimannsherbergi safnsins.

Engu minna var gefið til safnsins en í fyrra, bæði stórt og smátt. Alls voru 116 gjafir til handrita- og ljósmyndasafnsins frá 88 aðilum. Þar af voru um 900 ljósmyndir. Afhendingar opinberra gagna voru 7 frá 8 aðilum. Allir þessir eiga miklar þakkir skildar fyrir skilning sinn og velvilja á gengi safnsins, enda má óhætt fullyrða, að hvergi á landsbyggðinni hefur verið eins vel búið að héraðsskjalasafni sem hér í Skagafirði enda geymir Héraðsskjalasafn Skagfirðinga ótvírátt stærsta safn handrita og einkaskjala utan Reykjavíkur. Þar eru nú 50 hillumetrar af einkaskjölum, sem búið er að ganga frá og skrá, en á að gízka 10-15 hillumetrar liggja í kössum óskráðir, sem ekki hefur enn unnizt tími til að ganga frá.

Hjalti Pálsson.

Skrá yfir gefendur til Héraðsskjalasafnsins:

Anna Jóna Guðmundsdóttir, Túnbrekku 4, Kópavogi.

Anna Pálsdóttir, Lág múla, Skaga.

Axel Þorsteinsson og Kristbjörg Bjarnadóttir, Litlubrekku.

Árni Bjarnason, Uppsölum.

Árni Elfar, Móaflið 7, Garðabæ.

Sr. Árni Sigurðsson, Húnabraut 3, Blönduósi.

Birkir Angantýsson, Víðigrund 8, Sauðárkróki.

Björn Dúason, Ólafsvogi 9, Ólafsfirði.

Björn Egilsson frá Sveinsstöðum.

Dagbjört Ásgrímsdóttir, Skíðabraut 7, Dalvík.

Daníel Jónasson, Reykjavík.

Elín Elísdóttir, Kleppsvegi 30, Reykjavík.

Elíasbet Ósk Arnardóttir, Skagfirðingabraut 35, Sauðárkróki.

Erik Eylands, Hæðargerði 56, Reykjavík.

Friðrik Antonsson, Höfða.

Friðrik Margeirsson, Hólavegi 4, Sauðárkróki.

Garðar Guðjónsson, Háuhlíð 4, Sauðárkróki.

Garðar Jónsson, Einilundi 10 F, Akureyri.

Gísli Pálsson, Hofi, Vatnsdal.

Guðjón Ingimundarson, Bárustíg 6, Sauðárkróki.

Guðmundur Erlendsson, Skeiðarvogi 25, Reykjavík.

Guðmundur Sigurður Jóhannsson, Hólavegi 10, Sauðárkróki.

Guðmundur Sigmundsson, Víðinesi.

Guðrún Andrésdóttir, Hólavegi 32, Sauðárkróki.

Guðrún Kristjánsdóttir, Freyjugötu 26, Sauðárkróki.

Sr. Gunnar Gíslason, Varmahlíð.

Halldór P. Jónsson sýslumaður, Sauðárkróki.

Halldóra S. Jónsdóttir og Jóhannes Þórðarson, Siglufirði.

Harpa Eygló Arnljótsdóttir, Ytri-Mælifellsá.

Haukur Hafstað, Hávík.

Helga Helgadóttir, Bogahlíð 14, Reykjavík.

Hólfríður Guðmundsdóttir og Friðrik Jónsson, Lindargötu 9, Sauðárkróki.

Hrafnhildur Stefánsdóttir, Suðurgötu 8, Sauðárkróki.

Hrefna Magnúsdóttir, Álfabrekku, Eyjafjarðarsveit.

Hulda Njálsdóttir, Skúfsstöðum.

Ingibjörg Jónsdóttir, Flugumýrarhvammi.

Ísak Guðmann, Hamragerði 10, Akureyri.

Jóhann Svavarsson rafveitustjóri, Sauðárkróki.

Jóhanna Guðmann, Strandgötu 35, Akureyri.

Jón Guðmundsson, Óslandi.

Jón Hjörleifsson, Raftahlíð 41, Sauðárkróki.

Jóna Vilhjálmsdóttir, Ægisgrund 7, Skagaströnd.

Jónas Hálfánarson, Melum, Hofsósi.

Jónína Sigurðardóttir, Egg.

Jónmundur Guðmundsson, Sandabraut 11, Akranesi.

Kári Steinsson, Hólavegi 23, Sauðárkróki.

Konráð Gíslason, Varmahlíð.

Kristinn Pálsson, Löngumýri 14, Akureyri.

Kristín Sölvadóttir og Kristján Sölvason, Skógargötu 8, Sauðárkróki.

Kristján Runólfsson, Raftahlíð 37, Sauðárkróki.

Kristmundur Bjarnason og Hlíf Árnadóttir, Sjávarborg.

Lilja Gunnlaugsdóttir, Áshildarholti.

Margrét Ólafsdóttir, Neshaga 7, Reykjavík.

María Magnúsdóttir, Bogabraut 24, Skagaströnd.

María Rósmundsdóttir, Freyjugötu 10 B, Sauðárkróki.

Marteinn Steinsson, Freyjugötu 48, Sauðárkróki.

Matthías Eggertsson, Hagamel 37, Reykjavík.

Minjasafnið á Akureyri, Aðalstræti 58, Akureyri.

Minný Leósdóttir, Víðigrund 13, Sauðárkróki.

Mínerva Gísladóttir, Öldustíg 1, Sauðárkróki.

Ottó A. Michelsen, Miðleiti 6, Reykjavík.

Páll A. Pálsson, Hamragerði 5, Akureyri.
Pálmi Sigurðsson, Ægisstíg 3, Sauðárkróki.
Pétur Gautur Kristjánsson, Flókagötu 14, Reykjavík.
Pétur Sigurðsson, Engjavegi 67, Selfossi.
Rósmundur Ingvarsson, Hóli, Tungusveit.
Sigfús Pétursson, Álftagerði.
Sigríður Sigurðardóttir, Stóru-Ökrum.
Sigrún Júlíusdóttir, Syðra-Skörðugili.
Sigurbjörg Sigurðardóttir, Bárustíg 3, Sauðárkróki.
Sigurður Björnsson, Hagafliót 4, Garðabæ.
Sigurður Árni og Lilja Jónsdóttir, Freyjugötu 46, Sauðárkróki.
Sigurður Sigurðsson, Langagerði 100, Reykjavík.
Sigurjón Páll Ísaksson, Stóragarði 4, Reykjavík.
Sigurlaug Jónsdóttir, Suðurgötu 2, Sauðárkróki.
Sigurlaug Pálsdóttir, Suðurgötu 18, Sauðárkróki.
Sólveig Kristjánsdóttir, Nökkvavogi 42, Reykjavík.
Sverrir Björnsson og Sigríður Hjálmarsdóttir, Drekaflíð 2, Sauðárkróki.
Sverrir Magnússon, Efra-Ási.
Unnur Pálsdóttir, Leifsgötu 18, Reykjavík.
Vigdís Sigurðardóttir, Borgum, Þórshöfn.
Þorbjörg Jónsdóttir, Háaleitisbraut 115, Reykjavík.
Þorbjörn Kristinsson, Höfðahlíð 6, Akureyri.
Þorsteinn H. Gunnarsson, Reykjum á Reykjabraut.
Þórður Pálsson, Melabraut 9, Blönduósi.
Þórir Arngrímsson, Litlu-Gröf.
Þuríður Þorsteinsdóttir, Helgustöðum, Fljótum.
Ögmundur Helgason, Tómasarhaga 12, Reykjavík.

Eftirtaldir afhentu opinber gögn:

Georg Hermannsson, Yzta-Mói.
Helga Bjarnadóttir skólastjóri, Varmahlíð.
Kristján Jóhannesson, Reykjum, Tungusveit.
Lárus Björnsson, Neðra-Nesi, Skaga.
Margrét Ingvarsdóttir, Ytri-Mælifellsá.
Stefán Gestsson, Arnarstöðum.
Örn Þórarinsson, Ökrum, Fljótum.

Safnahús Skagfirðinga

Ársskýrsla 1993

Almennir fundir og samkomur í Safnahúsinu voru 28 á árinu. Bæjarstjórn fundaði hér auk þess 23 sinnum og 3 fundir voru á vegum héraðsnefndar.

Sýningar urðu einungis þrjár. Hin fyrsta í sæluvikunni 21. - 28. marz. Ákveðið hefði verið að Grímur Marinó, sem einkum vinnur lágmyndir í járn, kæmi og sýndi, en umboðsaðili hans klúðraði málinu og gleymdi því, svo við stóðum uppi mánuði fyrir sæluviku án þess að hafa nokkurn til að sýna. Nokkrir Akureyringar brugðust þá vel við og sendu 23 myndir til sýningar, þau Aðalsteinn Svanur Sigfússon, Dröfn Friðfinnsdóttir og Guðmundur Ármann. Aðsókn var þó mjög dræm, einungis 125 skráðu sig í gestabók og ekkert seldist.

Hinn 17. júní var opnuð sýning á landslagsmyndum úr eigu Listasafns Skagfirðinga og Sauðárkróksbæjar eftir 6 skagfirzka málara. Sú sýning var kölluð *Landið er blátt* og stóð fram í október. Var hún höfð opin um helgar og eftir atvikum á virkum dögum. Þá sýningu sáu 217 manns.

Frá 8.-15. desember var hér farandsýning um listaverk í opinberum byggingum; áhugi á þeirri sýningu vart merkjanlegur.

Sigurður Þórólfsson listamaður í Mosfellsbæ sendi Safnahúsinu að gjöf fallett bókmerki úr silfri, 3,3 x 10 sm, ágrafið til Safnahússins og með skjaldarmerki sýslunnar.

Engar sérstakar framkvæmdir voru við húsið á árinu, einungis sinnt smávegis viðhaldi.

Starfslið safnanna var óbreytt frá fyrra ári og sömuleiðis stjórn þess.

Hjalti Pálsson.

Náttúrugripasafn Skagafjarðar

Starfsskýrsla 1993

Umhirda og meðferð safnmuna gangvart hambjöllu var með líku sniði og undangengin ár, eitrað, fryst og njósnað um þá óvætt. Þó eyðilagði hún einn fugl alveg, þ.e. fl. Allir nýir safnmunir eru settir í frost, áður en þeir fá inngöngu í safnið.

Gripir komu frá Árna H. Árnasyni frá Kálfsstöðum, Ægisstíg 6 á Sauðárkróki. Voru það ýmsir smámunir, bæði úr jurta- og dýraríki af landi og sjó, flest til í safninu fyrir.

Góðvinur safnsins, Sverrir Björnsson frá Viðvík, hafði samband við undirritaðan og lét af hendi nokkurt magn steina, en hann stóð í búferlaflutningum og var að rýma til. Þar komu nokkur góð eintök, t.a.m. ópalar og hraunstrá, en allmikið var til fyrir í safninu af ógreindum bergtegundum, og er það að verða brýnasta málið að greina og setja upp til sýningar það sem nú er til.

Jóhann Svavarsson rafveitustjóri lét safninu í té nokkra fugla uppstoppaða, marga skemmda eftir hund, en ekki alla og má sumt lagfæra af þeim skemmdum.

Félag norðlenskra steinasafnara fékk lánaðan á sýningu á Akureyri um sumarið ópalgerðan viðarsteingerving, sem safnið á, fundinn í Ábæjargili. Vakti hann gífurlega athygli, enda e.t.v ekki annað eintak til svo vitað sé, a.m.k. hér um slóðir.

Nokkur vinna var lögð í útgáfustarfsemi. Fyrst var lagt efni til bókarrinnar Söfn á Íslandi, sem unnin var af starfsmönnum Þjóðminjasafns; viðræður þar um í síma og þangað sendar myndir og greinargerð um safnið. Sömmuleiðis var gefinn út bæklingur um safnið með myndum og lýsingu á hvað það hefir upp á að bjóða, fyrst og fremst ætlaður til kynningar og dreifingar heima fyrir.

Aðalverkefni ársins var þó uppsetning sjófuglabjargs með sýnis-



Úr Náttúrugripasafni Skagafjarðar.

Ljós.: Kristján Stefánsson.

horni af fjöru og flæðarmáli. Er þar töluverður hluti safnmuna kominn í sitt náttúrulega umhverfi. Vekur það mjög mikla athygli, sem bendir á þörf áframhalds í þá veru. Þó er samkvæmt ummælum safngesta, einkum erlendra, brýnasta að bæta skráningu safnmuna, þ.e. setja fræðiheiti á latínu og nöfnin á fleiri tungumál, þ.e. íslensku, ensku, dönsku og þýzku. Nokkuð er þó komið á skrá í tölvu undirritaðs þar um.


Stjórn Náttúrugripasafns Skagafjarðar er skipuð fimm mönnum. Formaður safnstjórnar er sr. Gísli Gunnarsson í Glaumbæ, en aðrir í stjórn: Sigurður Sveinsson og Sighvatur Torfason á Sauðárkróki, Kristján Sigurpálsson og Páll Dagbjartsson í Varmahlíð. Safnið er til húsa í Varmahlíðarskóla.

Gjört í janúar 1994.

Kristján Stefánsson.

Úr Héraðsskjalasafni

Úr fórum Stefáns Vagnssonar



Simon Eiríksson í Litladal.

Ljós.: Pétur Hannesson.

Eftirfarandi er úr handritasafni Stefáns Vagnssonar frá Hjaltastöðum og barst safninu á seinasta ári, afhent af dóttur hans, Hrafnhildi Stefánsdóttur. Greinina hefur Símon Eiríksson í Litladal í Blönduhlíð sent Stefáni frænda sínum til birtingar í Viljanum, handskrifuðu blaði, sem Lestrarfélag Miklabæjarsóknar gaf út á árunum 1898-1934. Þessi grein birtist síðan í 4. tölublaði Viljans veturinn 1921-1922, en þá var Stefán ritstjóri blaðsins.

Símon var maður greindur í bezta lagi, sagnaþulur, ættfróður og kunningi glögg skil á fyrri tíðar mönnum. Hann var einn af drýgstu heimildamönnum Stefáns Jónssonar frænda síns og fræðimanns á Höskuldsstöðum. Í Skagfirzku æviskrám er litrík lýsing á Símoni:

„Hann sagði með afbrigðum vel frá og allt varð að sögu í meðferð hans. Hann hafði nokkuð sérstakan frásagnar-

hátt, var hann svo minnugur á samtöl manna, sín og annarra, að hann rakti þau orðrétt.... Fólk það, er hann sagði sögur af, varð svo lifandi í frásögn hans, að það var sem hann brygði því upp í samtíðinni með sínum sérkennum, nöfnunum og auknefnum, auðlegð og örbirgð, og það liði framhjá á tjaldi talmyndar, því hann kunningi málrómi furðu margra. Þar var hans hugarheimur, sem sagan var, og í honum dvaldi hann löngum, skrifaði allmikið af gömlum sögum, sem geymdar eru.”

Símon var talsvert listhneigður og teiknaði m.a. myndir af forn mönnum, eins og hann hugsaði sér þá. Fáeinir þessara mynda hafa varðveizt og komu til safnsins úr fórum Stefáns Jónssonar á Höskuldsstöðum. Þær eru flestar

varðveittar í handritanúmerunum HSk. 50, folio og HSk. 618, 4to. Stílfæri Símonar er allsérstætt og stafsetning hans einkennileg, t.d. skrifar hann mjög oft í fyrir e eða ei. Hefur stafsetning hans verið færð hér til nútíðarmáls, en orðfæri er óbreytt.

H. P.

Sýndir formenn

Það sýndu menn á fyrri dögum sýningar svo sem menn gera nú á dögum og var þá haldinn galdur af helzt fáfróðum, sem var röng skoðun. Nú ætla ég að setja hér dálitla skrýtlu um það, ef sveitungar mínir hefðu nokkurt gaman af því.

Pegar ég var ungur drengur í Djúpadal þá var þar staddur Einar skáld Andrésen sem oftast því hann var þar til vina. Bar þá í tal um þessar kúnstir svo sem um kukl og sýningar. Sagði hann þá frá því, að þá hann var sjóróðrarmaður á Suðurlandi, kynntist þá manni við aldur, er Jón hét, ættaður af Vesturlandi. Hann var dulur í skapi og ómannblendinn. Var Einari sagt hann gæti sýnt kúnstir. Einar var mjög hneigður fyrir slíkt, fór hann [að] kynna Jóni og gekk það vel. Kom svo tali þeirra, að Einar bað hann sýna sér 12 formenn og tók þá til, en karl var tregur til þess. Þó kom svo að hann lofaði því, ef hann fengi spesú í staðinn. Lofaði Einar því mjög glaður.

Einn landlegudag gerði Jón Einari boð að finna sig. Brá Einar fljótt við og fann Jón. Sagði hann Einari að standa skammt frá sjóbúðarstafni og mætti ekki úr sporunum fara, hvað sem á gengi. Svo fór karl á burt.

Parna stóð Einar þónokkra stund, og hélt á bréfi og blýanti til að skrifa hvað hann sæi, þar til hann sá koma mann fyrir annað hornið og ganga hægt með stafninum og hverfa fyrir hitt hornið. Hann var í herra lagi, en afar þrekinn, í spangabrynju með fagran skjöld á hlið, gyrtur spjóti, er sem á gull sæi, með gullbúið sverð í hendi og lýsti af því sem gleri, með gullroðinn hjálm á höfði. Hann var mikilúðlegur í andliti með mikið og breitt enni og mjög hrukkótt, þykkt nef, sívalt, brúnamikill og harðeygur og hinn hermannlegasti. Það var Egill Skallagrímsson.

Þá gekk maður í hárauðum, skrautbúnum klæðum með fagran skjöld á hlið og gylltan hjálm á höfði, gyrtur fögru spjóti og bar í hendi



Gunnar Hámundarson á Hlíðarenda. Teikning Símonar Eiríkssonar í HSk. 50, folio.

atgeir. Hann var hár vexti, en fríður og karlmannlegur. Það var Gunnar Hámundarson.

Þá gekk maður með skjöld á hlið og stórt vopn í hendi, líkast sem sax væri. Hann var ákaflega sver í vexti, líkast sem hnýttur um öll liðamót, breiðleitur og rauðjarpur á hárslit. Það var Grettir Ásmundsson.

Þá gekk maður. Hann var bæði hár og gildur, fríður og karlmannlegur. Hann hafði alvæpni, en lítt skrautbúinn. Það var Gísli Súrsson.

Þá gekk maður hár vexti og harðlegur, bjartleitur og fríður sýnum með hjálm á höfði og skjöld á hlið, sverð í hendi, er lýsti af. Hann var með hæstu mönnum að sjá, en þó hinn hermannlegasti. Það var Hörður Grímkelsson.

Þá gekk maður, hár og spengilegur á vöxt með gulbjart hár, rjóður í andliti, mjög fríður sýnum, í skrautklæðum með gylltan hjálm á höfði, með skjöld á hlið, bjart sverð, allt gullbúið og spjóti girtur. Það var Kjartan Ólafsson.

Þá gekk maður að öllu búinn sem hinn fyrri, ekki eins hár, en fall-ega vaxinn, sviphýr og góðmannlegur og léttur í spori. Það var Steinþór á Eyri.

Þá gekk maður hár og þrekinn, dökkjarpur á hár og skegg, hvítleitur í andliti, skarpleitur og harðlegur, á að giska þrjár álnir á hæð, í dökkbláum stakk, er náði niður fyrir mjaðmir, buxur [í] sama lit. Hann hafði kollhúfu á höfði með dökkan skjöld í vinstri hendi, en í hægri voða stóra exi og reiddi hana um öxl og glotti við tönn. Það var Skarphéðinn Njálsson.

Þá gekk maður lítill vexti, en svo léttur í spori og kviklegur, að enginn var eins. Hann hafði gylltan hjálm á höfði og gylltan skjöld, sem sól væri, með spjót í hendi og gyrtur sverði, mjög fagurbúnu. Hann var í hárauðri mussu, er náði ofan fyrir mjaðmir, [hafði] um sig belt, sem silfurlit bar. Hann var fríður með gulbjart hár, harðleitur en þó sviphýr. Það var Kári Sólmundarson.

Þá gekk maður hár og herðamikill, hvítleitur í andliti með hrafnsvart hár, er tók á herðar niður. Hann var ekki fríður, en hermannlegur og svo harðeygur sem brynni eldur úr augum hans. Hann var í dökkum búningi með hjálm á höfði, er sýndist með járnsþöngum, og stóra exi reidda um öxl. Það var Þorgeir Hávarsson.

Þá gekk maður, hár og þrekinn, en þó tæpast jafn stór þeim næsta, dökkur á hár og skegg með alvæpni, heldur fríður sýnum og góð-



Teikning Simonar Eiríkssonar í HSK. 50, folio.

Skarphéðinn vegur Þráin Sigfússon á ísum Markarfljóts.

mannlegur að sjá, en þó þybbilegur á svipinn. Það var Þormóður Kolbrúnarskáld.

Þá gekk maður, ef mann skyldi kalla, því Einar áleit hann fullar fjórar álnir á hæð og að því skapi sveran. Hann var klæddur úlfgrárri úlpu með dökkan skjöld á hlið og gyrtur spjóti og hélt á vopni, er sýndist engum mennskum manni bært. Hann var allur kafloðinn í framan og sást bara nef og kinnbein. Einari varð svo illt við, að hann var nærri hrokkinn úr sporunum. Það var Ormur Stórólfsson sterki. Hann var sá tólfti.

Þá gekk Jón gamli og sagði. Nú ertu búinn að sjá það þú baðst mig sýna þér og nú vil ég fá spesfuna. Rétti Einar hana strax með kæru þakklæti fyrir skemmtunina. Einar bað hann að sýna sér hvernig hann færi að þessari aðferð, en hann var ófáanlegur til þess. Einar setti það upp í fyrstu, að þeir stönsuðu litla stund nálægt sér svo hann gæti hripað upp lýsingu af þeim, og stönsuðu þeir allir nokkrar mínútur svo sem 2-3 faðma frá honum.

Ég hafði þetta alltaf hugfast að fá þetta hjá Einari, og eitt sinn þá fór ég með konu minni útað Hraunum, því þær voru mestu vinur, konan mín og Kristín, fyrsta kona Einars á Hraunum. Fór ég þá að finna Einar skáld. Þá bjó hann í Minnholti. Bar þá í tal um sýninguna. Lofaði hann þá að senda mér hana seinna, því hann nennti ekki þá að leita að því og enti hann það vel, en það var orðið bæði gamalt og líka máð, að illt var að lesa. Bað ég Jón mág minn að hreinskrifa það og gerði hann það og hafði gaman að því. Nú máttu eiga þetta rugl, frændi góður, ef þú vilt, eða glata því ef þér svo sýnist. Líka máttu láta það í Viljann, ef þú heldur það hafi nokkurt gaman af því og fel ég þér þá ábyrgð að hafa á því ásamt fleira rugli frá mér.

Þinn einl. Símon Eiríksson.

Hjaltastaðabrautin og Sóta Þorsteins Hannessonar

Eftirfarandi saga er skráð af Stefáni Vagnssyni og fengin úr handritasafni hans. Stefán fluttist að Hjaltastöðum vorið 1922. Þá bar reyndar ekki lengur á neinum undrum, en Stefáni farast svo orð í uppkasti sögunnar: „Bæjarbrautin liggur frá bænum og ofan á þjóðveginn. Hún er þráðbein, en á einum stað, ofarlega, sjáum við móta fyrir götu eða slarki út af henni út í mýrina. Þetta er ekki neitt merkilegt, en á þó sína sögu og hún er þannig:”

Um og eftir aldamótin bjó bóndi sá á Hjaltastöðum í Blönduhlíð er Þorsteinn hét Hannesson. Kona hans var Jórunn Andrésdóttir. Hann var hrossmargur eins og fleiri Blöndhliðingar á þeim árum. Meðal hrossa hans var sótrauð hryssa, framúrskarandi gönguhröss og seig að bjarga sér. En heldur þótti Sóta gustill og geðstírd á stundum við önnur hross. Eftir að girt var fyrir neðan túnið á Hjaltastöðum og bæjunum fyrir utan og sunnan, héldust hrossin niðri á Pormóðsholtinu, en áður höfðu þau leitað mjög í tún og engjar á þessum bæjum. Höfðu þau oft fyrir vana að koma á kvöldin neðan bæjarbrúna á Hjaltastöðum og upp að túnhliðinu, stóðu þar um stund og löbbuðu síðan ofan á holtið aftur.

Snemma vors er það einu sinni, að Sóta kemur lötrandi neðan brúna. Brautin var ekki malborin, heldur mokað upp í hana úr skurðum. Þótti því hrossum gott að velta sér á henni, er þurrkar höfðu gengið. Það hafði Sóta gamla líka gert oft og mörgum sinnum. Í þetta skipti hugsaði hún sér að gera það líka, áður en hún færi ofan í hvarfið, sem er fyrir neðan. En hún velti sér svo skarpt í þetta sinn, að hún sentist suður í skurðinn og lærbrotnaði. Piltar sáu til hennar heiman af hlaðinu. Hlupu þeir ofan eftir og tosuðu henni upp á brautina, en nú gat auminginn ekki staðið þó harðgerð væri og þarna var hún skotin og gerð til.

Nú fóru menn að taka eftir því að hrossin, sem voru á holtinu og komu neðan brúna heim að túnhliðinu eins og þau gerðu svo oft áður, stukku ætíð út af brúnni, er þau komu að slysstaðnum, jafnt kunnug sem ókunnug. Var að sjá eins og þau fældust eða yrðu hrædd við eitthvað á þeim stað, sem hryssan Sóta hafði fótbrotnað. Á þetta horfði heimilisfólkið á Hjaltastöðum daglega. Alveg var það eins, er ókunnugir komu og ráku hesta um brúna, að þeir stukku þarna útaf, heldur en fara eftir beinni og sléttri brautinni. Og undarlegt þótti piltum, er þeir komu úr kaupstaðarferðum eða fjárrekstrum, að aldrei voru hestarnir svo lúnir að þeir stykkju ekki útaf brúnni út í mýri, sem stundum lá í á haustin, og alveg eins hvort það var í myrkri eða um hábjartan dag. Þetta hélzt í fjöldamörg ár og var álitíð, að hrossin sæju svip Sötu gömlu þarna á brúnni og hún mundi leggja að þeim kollhúfur og bíta frá sér, eins og hún hafði svo oft gert í lifanda lífi.

Sögn Jórunnar Andrésdóttur, Halldórs Þorsteinssonar, Frimanns Magnússonar ofl.

Frá Sölva Helgasyni og séra Hallgrími Thorlacius

Á síðast liðnu sumri var haldin í Safnahúsinu sýning á verkum Sölva Helgasonar og Bólu-Hjálmars. Tókst hún forkunnar vel og aðsókn meiri en nokkru sinni hefur verið á slíka sýningu á Sauðárkróki.

Eftirfarandi saga er skráð af Stefáni Vagnssyni frá Hjaltastöðum og tekin úr handritasafni hans, sem safninu barst á síðasta ári.

H.P.

Eitt sinn er Sölvi Helgason var á flakki sínu um Skagafjörð kom hann að Ríp. Þar var þá nýkominn til brauðsins sr. Hallgrímur Thorlacius, síðar prestur í Glaumbæ og þá ungur. Sölvi hafði komið þar oft-sinnis áður og átt þar góðu að mæta, því prestur, sem var hinn mesti gleðimaður, tók jafnan létt á tali Sölva um heimspekileg efni, enda kvað Sölvi hann einn af þeim sárafáu, er skildu sig.

Er Sölvi kemur í hlað í þetta skipti, ávarpar hann prest virðulega með þessum orðum: Salve domine pastor! [Sæll vertu herra prestur]. Ég hef legið hér um stund suður á klöppunum í hinni dásamlegu vorblíðu. Hef ég verið að yrkja um yður kvæði, því ég vildi ekki koma hér svo að ég fórnaði yður ekki neinu af mínum vísdómi. Er þetta sextug drápa og vildi ég að þér hlýdduð henni. Prestur verður kýminn við. Biður hann Sölva að ganga í bæinn og setur fyrir hann konfak og biður hann að hressa sig á drykknum áður hann taki til upplestursins. Sjálfur fór hann inn í hús sitt í öðrum baðstofuendanum og kvaðst þaðan mundu hlýða kvæðinu, en ástæðan fyrir því var sú, að hann treysti sér ekki til að hlusta á það með þeirri stillingu, er Sölva mundi þykja sæma, en vildi á engan hátt styggja hann.


Sölvi flutti síðan kvæðið með hinni mestu alvöru og fjálgleik, og tók hann lítt eftir þó prestur gæti ekki varizt hlátrinum oft og mörgum sinnum, meðan á upplestrinum stóð. En það sagði séra Hallgrímur oft síðan, að það iðraði sig mest að rita ekki upp kvæðið, því það hefði þótt merkilegt að eiga það nú í heilu lagi og hefði verið góð lýsing á hugmyndaflugi Sölva og heimspekiahugleiðingum. Mundi prestur ekki annað úr kvæðinu en þetta:

Hann brunar á Brún sínum mikla
um byggða heima,
enn á eldfránu essi
til uppheima föður.

Brúnn var æstur fjörhestur og lítt viðráðanlegur og mun Sölvi hafa séð til þeirra einhvern tímann.

Er Sölvi hafði lokið lestrinum, þakkar prestur honum hið ágæta kvæði og segir, að vant muni verða launanna fyrir af sinni hendi. Þá segir Sölvi „Víst geturðu launað og ekki betur með neinu öðru en því að yrkja til mín aftur á móti. Hefir margur um mig kveðið og það illt eitt, en það munt þú aldrei gera, heldur öfugt. Mega þá eftirkomendur sjá að til hafi verið menn mér samtíða, er kunnu að meta mína kosti og þorðu að halda þeim á lofti.” Prestur færðist undan á alla vegu, kvað sig allt skorta til þeirra hluta að bifa hann ljóðstöfum. Sölvi kvað það ekki satt „Ertu of skammt kominn frá Jónasi Hallgrímssyni að frændsemi, ef þú getur þetta ekki.” Sótti hann það mál af mesta kappi og vann það á að lokum, að prestur lét tilleiðast. Orti hann þá eftirfarandi kvæði um Sölva, en hann hélt því mjög á lofti síðar og þótti forkunnargott. Kvæðið er svohljóðandi:

Ég undrast þig andheima tröll,
er alheimsins víðáttu skoðar.
Aldregi eykonan gat
arnfleygri, gáfaðri son.
Þinn andi hann líður í loft
gegn ljóshvörfum spekinnar æðstu,
voröldur værsta draums
þar vagga þér sælum í blund.
Þar hverfur hið litla og lága
og ljóta frá ginnhvössum augum,
allt verður endalaust stórt,
allt verður tröllvaxin mynd.
Með litum frá ljósheimi runnum
þú listaverk málar.
Höndin á snilldarverk fús,
hönd þín varð aldregi þreytt.
Þakkir vér þýðar nú færum
þér þrekmikla gáfaða hetja.
Er dauðinn á burtu þig ber,
bautastein reisum við þér.



Sólon Íslandus – Sölvi Helgason. Sjálfsmynd.

Eigandi: Landsbókasafn Íslands.

Hver er maðurinn?

Fáeinar myndir þekktust af þeim, sem birtar voru í seinustu Safnamálum og skal það nú tíundað:

Nr. 383 mun vera Guðrún Þórðardóttir frá Sauðárkróki (Nunna), dóttir Dýrfinnu veitingakonu. Upplýsingar frá Þorbjörgu Jónsdóttur f.v. skólastjóra. Nr. 388 er Jóhanna Jónsdóttir, uppalin í Brautarholti á Langholti, húsfreyja í Fremri-Vífilsdal í Hörðudal. Ábending um þetta kom frá Margréti Þorleifsdóttur í Reykjavík og staðfesting í bókinni *Dalamönnum I*, bls. 80. Nr. 391 er Arnbjörg Sveinsdóttir frá Árnastöðum í Loðmundarfirði, síðar búsett á Mýrarlóni hjá Akureyri, gift Guðmundi Jónssyni. Þetta upplýstu Sigurður Ó. Pálsson skjalavörður á Egilsstöðum og Sigríður Eyjólfsdóttir í Borgarfirði eystra. Nr. 392 og 393 eru hjónin Kristján Árnason kaupmaður á Akureyri í verzluninni Eyjafirði, og Hólmfríður Gunnarsdóttir. Þetta staðfestu Guðríður Brynjólfsdóttir í Garðabæ og Erla Jónsdóttir bókavörður sama staðar. Fleira var ekki þekkt með vissu, en tilgátur bárust, sem enn hefur ekki hefur verið hægt að ganga úr skugga um, hvort réttar séu. Bestu þakkir til þeirra, sem veittu upplýsingar.

Myndirnar að þessu sinni eru úr ýmsum áttum komnar og við leitum upplýsinga hjá lesendum.



407



408



409

Safnamál . 30



410



411




412



413



414



415



416




417



418



419



420



421



422



423



424



425



426



427



Minningarkort

Fræðasjóðs
Skagfirðinga
fást í

Safnahúsinu
við Faxatorg

Blómabúðinni

Verzlun
Haraldar Júlíussonar



útlán

BÓKASAFNIÐ


Mánudaga	kl. 3.00 - 7.00 s.d.
Þriðjudaga.....	kl. 3.00 - 7.00 s.d.
Miðvikudaga.....	kl. 3.00 - 7.00 s.d.
Fimmtudaga.....	kl. 3.00 - 7.00 s.d.
.....og	kl. 8.00 - 10.00 s.d.
Föstudaga	kl. 2.00 - 6.00 s.d.

Lestrarsalurinn er opinn á sömu tímum.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

er opið til afgreiðslu:

Mánudaga	kl. 1.15 - 5.00 s.d.
Þriðjudaga.....	kl. 1.15 - 5.00 s.d.
Miðvikudaga.....	kl. 1.15 - 5.00 s.d.
Fimmtudaga.....	kl. 1.15 - 5.00 s.d.
.....og	kl. 8.00 - 10.00 s.d.
Föstudaga	kl. 1.15 - 5.00 s.d.



SAFNAHÚS
SKAGFIRÐINGA